

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2024

Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands var haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð miðvikudaginn 20. mars 2023 kl. 11:15.

Mætt voru:

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga og eftirtaldir kjörmenn:

Akranes: Kristinn Hallur Sveinsson
Borgarbyggð: Stefán Broddi Guðjónsson
Dalabyggð: Björn Bjarki Þorsteinsson
Eyja- og Miklaholtshreppur: Sigurbjörg Ottesen
Grundarfjörður: Bjarni Sigurbjörnsson
Hvalfjarðarsveit: Linda Björk Pálsdóttir
Kjósarhreppur: Forföll
Skorradalshreppur: Jón E. Einarsson
Snæfellsbær: Kristinn Jónasson
Sveitarfélagið Stykkishólmur: Jakob B. Jakobsson

Frá heilbrigðisnefnd:

Kristinn Hallur Sveinsson, formaður
Auður Kjartansdóttir, varaformaður
Sigrún Ólafsdóttir
Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir
Bjarki Snær Guðlaugsson

Kristinn Hallur setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hann stakk upp á Auði Kjartansdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt. Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Vesturlands ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar - Heilbrigðisnefnd Vesturlands 2023

Kristinn Hallur flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2023. Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gekk vel á árinu 2023. Stjórn hélt 8 fundi auk aðalfundar og fundar með sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga um fráveitumál. Árið 2023 voru 4,3 stöðugildi hjá embættinu og var farið í 603 eftirlitsferðir, skráð voru 611 frávik. Þegar tölfraeðigögn úr eftirliti eru skoðuð sést að skráðum frávikum í eftirliti er að fækka og fyrirtækjum sem hafa engin frávik er að fjölga sem gæti verið vísbending um að árangur sé að nást.



Ráðuneyti hafa boðað breytingar á rekstri heilbrigðiseftirlits og í matvælaáætlun matvælaráðherra er lagt til að allt matvælaeftirlit verði fært undir Matvælastofnun. Formaður lýsti skoðun sinni að honum myndist heilbrigðiseftirliti betur fyrir komið í héraði og tóku margir fundarmenn undir það sjónarmið á fundinum. Formaður lagði til að haldinn verði eigenda fundur í apríl til ræða framtíðarfyrirkomulag heilbrigðiseftirlit og fleiri. Framkvæmdastjóri mun senda fundarboð.

2. Ársreikningar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands árið 2023

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2023

3. Umræður um skýrslu Heilbrigðisnefndar heilbrigðiseftirlits og ársreikning 2021.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

Ársreikningurinn er aðgengilegur á vef eftirlitsins www.hev.is.

4. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2023.

Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi heilbrigðiseftirlitsins og helstu lykiltölur fyrir árið 2023. Umræður urðu um skýrsluna varðandi eftirlit í náttúrulegum sem eru ekki í rekstri. Þar er ekki reglubundið eftirlit en heimild er til að fara í eftirlit ef þörf er á.

Ársskýrsla verður gerð aðgengileg á vef eftirlitsins þegar hún kemur út

Engin önnur mál voru á dagskrá og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 12.15.